

Miðvikudaginn 13. dez. 1933.

Nr. 149/1932. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)  
gegn

**Sveini Ásmundssyni, f. h. Sveins & Geira** (Bjarni P. Johnson).

Haldsréttur í bifreið fyrir viðgerðarkostnaði.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1932:* Stefndur, Sveinn Ásmundsson, f. h. bifreiðaverkstæðis Sveins & Geira, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Einars M. Jónassonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

#### Dómur hæstaréttar.

Þar sem telja verður að haldsréttur á bifreiðinni R.E. 245 hafi stofnast fyrir kostnaði við viðgerð bifreiðarinnar á verkstæði Sveins & Geira, og að öðru leyti má einnig í höfuðatriðum fallast á forsendur hins áfrýjaða dóms, þer að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti og ákveðst hann 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Einar M. Jónasson, greiði stefnda, Sveini Ásmundssyni, f. h. Sveins & Geira, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sátttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 20. okt. f. á., af Einari M. Jónassyni fyrrv. sýslumanni, til heimilis hér í bæ, gegn Sveini Ásmundssyni, f. h. bifreiðarverkstæðis

Sveins & Geira, Vatnsstíg 3 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 3000,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 14. okt. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir í máli þessu eru þeir, að í ágústmánuði 1928 bað Nikulás Steingrímsson, bifreiðastjóri hér í bænum stefndan um að gera við bifreiðina R. E. 245, sem var eign Péturs Hjaltested á Sunnuhvoli. Hinn 29. ágúst sama ár fór svo stefndur ásamt öðrum manni að Sunnuhvoli til þess að sækja bifreiðina. Var eigandi hennar þá viðstaddur og lét afskiptalaust að stefndur tæki bifreiðina til viðgerðar og afhenti honum jafnframt rafgeymir, sem hann bað stefndan að hlaða og setja í bifreiðina. Hinsvegar gat eigandinn þess í þetta skifti, að áðurnefndur Nikulás mundi greiða viðgerðarkostnaðinn. Fór nú stefndur með bifreiðina í fyrnefnt bifreiðaverkstæði, sem hann er með-eigandi að og var þar framkvæmd viðgerð á henni. Var viðgerðinni lokið 7. sept. 1928 og nam viðgerðarkostnaðurinn kr. 61,29. Með bréfi dags. 20. sept. 1928 tilkynnti hinn meðeigandi bifreiðaverkstæðisins, Sigurgeir Jónsson, eiganda bifreiðarinnar, að viðgerðinni hefði verið lokið áðurgreindan dag, og að reiknuð yrði 1 króna í húsaleigu á dag fyrir bifreiðina frá 25. sept. til þess tíma að hún yrði sótt. Viðgerðarkostnaðurinn var nú ekki greiddur og í okt. 1928 kom stefndur bifreiðinni í geymslu hjá Garðari Gíslasyni fyrir kr. 15,00 gjald á mánuði og var hún í geymslu þessari þar til síðast í apríl 1930. Loks var bifreiðin seld á opinberu uppboði, er fram fór 22. júní 1930 eftir kröfu oftnefnds bifreiðaverkstæðis til lúkningar viðgerðarkostnaðinum, og geymslugjaldinu, en áður hafði bæði eigandanum og fyrrnefndum Nikúlaasi verið tilkynnt, að bifreiðin yrði seld ef greiðslan færi ekki fram og uppboðið auk þess verið auglýst rækilega, en hvorugur þeirra mætti við uppboðið eða lét mæta. Uppboð þetta fór því næst þannig fram, að bifreiðin var seld fyrir kr. 455,00 og varð uppboðsbeiðandi hæstbjóðandi í hana.

Nú telur stefnandi, að stefndur eða oftnefnt bifreiðaverkstæði hafi enga heimild haft til þess að halda umræddri bifreið fyrir eiganda hennar, sem hafi hvað eftir annað krafizt þess árangurslaust að fá hana afhenta. Lit-

ur stefnandi svo á, að stefndur með því að taka við bifreiðinni athugasemdalaust, eftir að honum hafði verið tilkynnt, að annar maður en eigandinn ætti að greiða viðgerðarkostnaðinn, hafi afsalað sér rétti til haldsréttar í henni fyrir viðgerðarkostnaðinum og því eingöngu getað haldið sér að manni þeim, fyrrnefndum Nikulási, sem eigandinn hafi gefið upp sem greiðanda. Hafi því stefndur verið skylt að afhenda eigandanum bifreiðina án tillits til þess hvort viðgerðarkostnaðurinn hafi fengizt greiddur eða ekki. Telur stefnandi, að stefndur hafi með framferði sínu, haldið bifreiðinni og sérstaklega sölu hennar, bakað eiganda hennar tjón, er honum sé skylt að bæta. Nemi það sannvirði bifreiðarinnar, er stefnandi telur hafa verið kr. 2500,00 auk skaða þess, er eigandi hennar hafi beðið við það að vera án bifreiðarinnar síðari hluta sumars 1928 eða þá um bjargræðistímann, en þann skaða metur stefnandi á kr. 500,00 og nema upphæðir þessar samanlagðar hinni umstefndu kröfu, en hana hefir stefnandi fengið framselda til eignar.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim, og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Telur hann sig í fyrsta lagi alls ekki hafa afsalað sér rétti til þess að halda sér að umræddri bifreið endá þótt hann tæki hana til viðgerðar án sérstakra athugasemda þegar eigandi hennar hafði tjáð honum, að viðgerðarkostnaðurinn yrði greiddur af öðrum. Þá hefir stefndur lagt fram í málinu skriflega yfirlýsingu frá margnefndum Nikulási þess efnis, að hann hafi aldrei lofað eiganda bifreiðarinnar því, að greiða stefndum umræddan viðgerðarkostnað, heldur aðeins tekið að sér að koma bifreiðinni til viðgerðar fyrir eigandans hönd fyrir sanngjarna borgun.

Það er nú in confesso í málinu, að viðgerð á bifreiðinni var nauðsynleg til þess, að hún væri í nothæfu ástandi og viðurkennt af stefnanda, að eigandi bifreiðarinnar hafi sjálfur beðið um nokkurn hluta viðgerðarinnar (hleðslu rafgeymis í hana). Verður því að fallast á það hjá stefndum, að viðgerðarmaðurinn (að álitum réttarins skiptir það ekki máli hér hvort stefndur framkvæmdi viðgerðina persónulega eða viðgerðarverkstæði hans) hafi öðlazzt haldsrétt í bifreiðinni fyrir viðgerðarkostnað-

inum og hafi honum því engin skylda borið til að afhenda eigandanum hana nema gegn greiðslu. Þá er það og ljóst, að stefndum eða verkstæðinu bar ekki skylda til að geyma bifreiðina von úr viti og litur því rétturinn svo á, að áðurgreind sala bifreiðarinnar hafi að öllu leyti verið lögleg, en auk þess hefði eigandanum verið í lófa lagið að koma í veg fyrir söluina með því að deponera hinni umbrættu upphæð til þess á þann hátt að firra sig tjóni, sem hann kynni að bíða við sölu. Verður því samkvæmt framansögðu ekki séð, að krafa stefndanda á hendur stefndum hafi við rök að styðjast og ber því að taka sýknukröfuna til greina, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Vegna anbættisanna dómarsins hefir dómur í máli þessu eigi verið kveðinn upp fyrr en nú.

---

Miðvikudaginn 13. dez. 1933.

Nr. 106/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)  
gegn

**Páli Pálssyni.** (Lárus Fjeldsted).

Bruggun.

*Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðar 17. júlí 1933:*  
Ákærður, Páll Pálsson, til heimilis á Bakkakoti í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu, sæti einföldu fangelsi í 10 daga, og greiði sekt í ríkissjóð að upphæð kr. 500,00 innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, ella ber að afplána sektarupphæðina, að undangengnu fjárnámi árangurslausu, með einföldu fangelsi í 30 daga. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

**Dómur hæstaréttar.**

Verknaður kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, heyrir undir 6. gr. laga nr. 64, 1930, og þar sem það er eigi sannað gegn neitun kærða, að hann hafi ætlað hið umrædda áfengi til